

Sp.

112. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Varðandi breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 111 vilja fulltrúar Framsóknarflokksins og fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni taka það fram, að fyrrnefndar breytingartillögur, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóta ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins. — Þeir munu því skila séráliti.

Auk fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar og afgreiðslu 440 erindi, sem til hennar hafa borizt frá fjölmörgum aðilum.

Þá hefur nefndin, svo sem jafnan áður, átt viðræður við forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana og félagssamtaka, sem fé er veitt til í fjárlögum. Settur forstöðumaður Efnahagsstofnunar ríkisins, hr. Torfi Ásgeirsson, hefur látið nefndinni í té bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári eða hvernig hinir einstöku tekjuliðir fjárlaganna hafa reynzt á fyrstu 10 mánuðum ársins og hvers sé að vænta, að þeir skili ríkissjóði við lok ársins. Þá hefur stofnunin látið nefndinni í té nýtt yfirlit, dags. 8. nóv. s. l., um áætlaðar tekjur ársins 1966. Heildarmyndin af þeim upplýsingum bendir ekki til þess, að tekjur ríkissjóðs verði meiri á árinu 1966 en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar hefur miðað tillögur sínar um afgreiðslu breytingartillagna við framangreindar upplýsingar, en það er álit undirritaðra nefndarmanna, að fjárlögin beri að afgreiða greiðsluhallalaus.

Vinnubrögð nefndarinnar hafa verið með sama hætti og áður, þannig, að hún hefur skipt með sér verkum og unnið milli funda að athugun sérstakra málaflokka. Hefur það létt nefndinni störfin og flýtt fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Að þessu sinni hefur nefndin ekki að fullu lokið athugun sinni á nokkrum málaflokkum, sem frestað verður til 3. umræðu. Eru það tillögur um skiptingu á fé til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða, fjárveitingar til fyrirhleðslna og enn fremur, svo sem venja er, tillögur um breytingar á 18. gr. — Þá eru enn hjá nefndinni nokkur óafgreidd erindi, sem hún mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umræðna.

Samvinnunefnd samgöngumála mun nú sem fyrr skila sérstökum tillögum um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

Um 10. gr.

Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967 hækkar um 1 millj. kr., þar sem kostnaðaráætlun reyndist of lág. — Nýr liður: Til þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og á alþjóðþingi fuglafræðinga. Ísland er aðili að fyrrgreinda sambandinu, og á dr. Finnur Guðmundsson sæti í stjórn þess. Hann hefur og jafnan sótt alþjóðþing fuglafræðinga.

Um 12. gr.

Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 334 606 kr. Heildaruphæðinni er skipt niður á staði samkvæmt l. nr. 54/1964. Tillögur þessar eru miðaðar við, að styrkir til sjúkrahúsa og sjúkraskýla greiðist á átta árum, en til læknisbústaða á fimm árum. — Styrkur til lækningaferða sérfræðinga hækkar um 30 þús. kr. — Nýir liðir koma inn samkvæmt læknaSKIPUNARLÖGUM, nr. 43/1965, samtals 900 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum land-

læknis, gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins, og að styrkur samkvæmt ákvörðun landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, hækki hvor um sig um 100 þús. kr. — Tekinn er upp nýr liður samkvæmt ósk landlæknis, eftirlit með deyfilyfjum 110 þús. kr.

Um 13. gr. C.

Launaliður hjá vita- og hafnarmálastjóra hækkar um 145 008 kr. vegna ráðningar aðalbókara. — Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 1 millj. kr. — Ferjubryggjur hækka um 50 þús. kr.

Um 13. gr. D.

Viðhald húsa og flugvallarsvæðis á Reykjavíkurflugvelli hækkar um 500 þús. kr. — Endanleg fjárhagsáætlun alþjóðaflugþjónustunnar lá ekki fyrir, er fjárlagafrumvarpið var samið. Nú hefur komið í ljós, að hlutur Íslendinga í flugferðum yfir Norður-Atlantshafið fer vaxandi og er áætlaður 7,83% á komandi ári. Hækkun frá frv. nemur 208 945 kr. — Þar sem millilandaflugið hefur í vaxandi mæli færzt til Keflavíkurflugvallar, eru tekjur af Reykjavíkurflugvelli lækkaðar um 500 þús. kr. Tekjur af Keflavíkurflugvelli hækka hins vegar um 1 millj. kr.

Um 13. gr. E.

Lagt er til, að aukavinna hjá yfirstjórn og skrifstofu veðurbjónustu hækki um 20 þús. kr. — Annar kostnaður hjá veðurfarsdeild hækkar um 140 þús. kr. — Aukavinna hjá áhaldadeild hækkar um 45 þús. kr.

Um 13. gr. F.

Tekinn er upp nýr liður hjá Skipaskoðun ríkisins: Til áhaldakaupa 100 þús. kr., til kaupa á tæki, er mælir ryðmyndun í stálskipum. — Liðurinn til áhaldakaupa hjá stýrimannaskólanum hækkar um 195 þús. kr. Er þá sérstaklega haft í huga asdic-fiskleitartæki til kennslu, sem kostar nú um 700 þús. kr. Er þetta fyrri greiðsla af tveimur. — Nýr liður, vegna námskeiðs í mælingatækni 175 þús. kr., stafar af því að maður er nú í Bandaríkjunum við nám í mælingatækni. — Nýr liður: Til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík 500 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Laun hjá Háskóla Íslands hækka um 44 340 kr. — Til námskeiðs fyrir norræna stúdenta hækkar um 48 þús. kr. — Til Reiknistofnunar háskólans, nýr liður, sem nemur 250 þús. kr., er tekinn upp, þar sem stofnunin stendur ekki undir sér. — Hjá fræðslumálastjóraembættinu hækkar húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 50 þús. kr. og símakostnaður, burðargjöld og auglýsingar um 35 þús. kr. — Tekinn er upp styrkur til tímaritsins „Heimili og skóli“, 15 þús. kr. — Stundakennsla og umsjón alþýðuskólans á Eiðum hækkar um 50 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 100 þús. kr. — Viðhaldskostnaður héraðsskólans í Reykholti hækkar um 175 þús. kr. — Viðhald á íþróttahúsi Íþróttakennaraskóla Íslands hækkar um 65 þús. kr. vegna endurbóta. — Teknir eru upp nýir liðir: Vegna Evrópumóts í frjálsum íþróttum 120 þús. kr. og til fræðslu og kynningarmóta skólastjóra 30 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Hjá Landsbókasafninu hækka tveir liðir, til árbókar um 35 þús. kr. og til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár um 60 þús. kr. Samningu handrits bókaskrárinnar er lokið, og bíður það prentunar. — Lagt er til að hækka fjóra liði hjá

Þjóðminjasafninu: Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. um 40 þús. kr., til rannsókna og ferðalaga um 25 þús. kr., til hljómplötusafns um 10 þús. kr. og til þjóðháttadeildar um 20 þús. kr. — Tekinn er upp nýr liður: Til Listasafns Ísafjarðar 25 þús. kr. — Samkvæmt ósk forstöðumanns Fræðslumyndasafns er texta 2. liðar breytt. Þá hækkar annar kostnaður um 50 þús. kr., en nauðsynlegt er að verja auknu fé til viðgerða á filmum. Í stað orðsins „Náttúrugripasafnið“ kemur: Náttúrufræðistofnun Íslands. Hér er um leiðréttingu að ræða. Þá er tekinn upp nýr liður vegna flutnings safnsins, 50 þús. kr., til að skapa sérfræðingum stofnunarinnar starfsaðstöðu. — Lagt er til að hækka styrk til ritstarfa, útgáfustarfsemi o. fl. um 150 þús. kr. Af því mun Sögufélagið fá 100 þús. kr. til útgáfu Alþingisbóka, og 50 þús. kr. verður varið til útgáfu á „Stöðufræði og þolfræði“ eftir Ásgeir Bjarnason. — Framlög til tónlistarskóla samkvæmt lögum hækka um 228 606. — Lagt er til að hækka styrk til tónlistarstarfsemi samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins um 140 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að 40 þús. kr. renni til Sigursveins D. Kristinssonar vegna rekstrar tónskóla hans, 25 þús. kr. séu veittar Sybil Urbancic til að ljúka framhaldsnámi í orgelleik í Vínarborg, og 75 þús. kr. eru teknar upp í tillögurnar vegna söngmóts lögreglukóra frá höfuðborgum Norðurlanda, en það verður haldið í Reykjavík. — Styrkur til lúðrasveita er hækkaður um 15 þús. kr., enda hækki fjárveiting til Lúðrasveitarinnar Svanur sem því nemur. — Fram að þessu hefur verið heimild á 22. gr. til að greiða rekstrarhalla Sinfóníuhljómsveitarinnar og Þjóðleikhússins. Þar sem hér virðist um árviss útgjöld að ræða, er lagt til að taka þau inn í fjárlögin, enda falli heimildargreinarnar niður. — Lagt er til að hækka fjárveitingu til Leikfélags Reykjavíkur um 100 þús. kr. — Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn hækkar um 5 þús. kr. — 10 þús. kr. eru teknar upp til kaupa á íslenskum bókum og hljómplötum til kennslu við háskólann í Osló. — Nýr liður, til Nonnasafns á Akureyri, 50 þús. kr., er tekinn upp til að standa straum af kaupum á lóð og húseign við Aðalstræti 54, Akureyri.

Um 15. gr.

Skrifstofukostnaður biskupsembættisins hækkar um 35 þús. kr. — Fjárveiting til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum er hækkuð um 500 þús. kr. — Þá er lagt til að hækka framlag til ársskýrslu þjóðkirkjunnar um 3 þús. kr. og um 13 þús. kr. til styrktar málagnu fyrir hina íslenzku þjóðkirkju. — Annar kostnaður hjá eftirlitsmanni með prestssetrum og hjá umsjónarmanni með kirkjugörðum hækkar um 5 þús. kr. hjá hvorum um sig.

Um 16. gr. A.

Hækkun til Búnaðarfélags Íslands, 85 þús. kr., er lögð til vegna erindis Sambands garðyrkjubænda, þar sem farið er fram á aukna fjárveitingu til Búnaðarfélagsins, er nemi hálfum launum og kostnaði eins garðyrkjuráðunauts. Félagssamtök garðyrkjubænda bjóðast til að greiða hálfan kostnað af ráðunautnum. — Nýr liður, lífeyrissjóðsframlag vegna gamalla starfsmanna, er tekinn upp, til þess að fimm gamlir starfsmenn Búnaðarfélagsins öðlist rétt á eftirlaunum úr lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. — Skipting á fé til sjóvarnargarða er í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 111. — Þá er orðalagsbreyting: Fyrir orðin „til sandgræðslu“ kemur: til landgræðslu. Hér er um leiðréttingu að ræða. — Launaliður landgræðslunnar hækkar um 190 350 kr. vegna ráðningar fulltrúa landgræðslustjóra. — Launaliður skógræktarinnar hækkar um 20 þús. kr., svo að skógarvörðurinn í Ásbyrði fái nelming launa í stað þriðjungs. Þá er og lagt til að breyta röð tveggja neðstu liðanna samkvæmt ósk skógræktarstjóra. — Vegna of lágrar áætlunar hækkar viðhaldskostnaður húsmæðraskólanna að Laugalandi og að Varmalandi um 180 þús. kr. í hvorum skóla. — Lagt er til að hækka fjárveitingu til Heimilisiðnaðarfélags Íslands um 15 þús. kr. — Loks er nýr liður: Til Efnarannsóknastofu Norðurlands 150 þús. kr. Ræktunarfélag Norðurlands hefur ásamt búnaðarsamböndum í Norðlendinga-

fjórðungi, kaupfélögum á Norðurlandi og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga komið á stofn efnarannsóknarstofu á Akureyri, sem tekin er til starfa.

Um 16. gr. C.

Lagt er til að hækka framlag til Landssambands iðnaðarmanna um 300 þús. kr.

Um 16. gr. D.

„Aukningar“ á gjaldalið Rafmagnsveitna ríkisins lækka um 6 millj. kr., og tekjur af framlögum lækka um 8 millj. kr. Hins vegar hækka rekstrartekjur veitna um 2 millj. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða, sem byggist á upplýsingum raforkumálastjóra.

Um 16. gr. E.

Hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er tekinn upp nýr liður: Til rannsókna vegna rotvarnar bræðslusíldar með natrium nitrit 280 þús. kr. — Breytingar verða á tveim liðum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Launaliðurinn lækkar um 140 350 kr., en annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr. vegna kalrannsókna á Austurlandi. — Fjárveiting til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 203 500 kr. vegna fjölgunar nemenda.

Um 17. gr.

Inn kemur nýr liður: Til vatnsöflunar vegna vatnsveitu í Melasveit 25 þús. kr. — Lagt er til, að Iðnnemasamband Íslands haldi þeirri fjárveitingu, sem er í fjárlögum, 50 þús. kr. — Fjárveitinganefnd hefur skipt byggingarstyrkjum til dagheimila, og er lagt til, að liðurinn hækki um 200 þús. kr. — Vegna misgánings féll niður fjárveiting til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði, önnur greiðsla af þremur, 100 þús. kr. — Lagt er til, að Æskulýðssambandi Íslands verði veittar 150 þús. kr. til að standa undir kostnaði við söfnunina „Herferð gegn hungri“. — Hjálparsveitir skáta í Reykjavík og á Ísafirði eru teknar inn í tillögur nefndarinnar með 50 þús. kr. fjárveitingu hvor, en það er sama upphæð og hjálparsveit skáta í Hafnarfirði er veitt í frv. — Loks er nýr liður, rekstrarstyrkur til sjómannaheimilis í Neskaupstað 25 þús. kr.

Um 20. gr.

Lagt er til, að nýr liður, 250 þús. kr., verði tekinn inn í frv. til byggingar íbúðarhúss fyrir forstöðumann vinnuhælisins að Kviabryggju. Reiknað er með, að byggingarkostnaður nemi 500 þús. kr. — Samkvæmt tillögu veðurstofustjóra er tekin 140 þús. kr. fjárveiting inn í frv. til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri.

Um 22. gr.

Lagt er til, að liðir XV og XVI falli niður, þar sem fjárveitingar til Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar eru teknar inn á 14. gr. B. — Heimild til að ábyrgjast lán allt að 18 millj. kr. vegna byggingar fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti er tekin inn samkvæmt ósk fjármálaráðuneytisins. — Atvinnumálaráðuneytið mælir með því, að Landssmiðjunni verði heimilað að selja húseignina Hagamel 21 í Reykjavík. — Samkvæmt ósk vita- og hafnarmálastjóra er tekin inn heimild til að festa kaup á sanddælingartækjum, er kosta munu um 10 millj. kr.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Jón Árnason, Birgir Finnsson, Einar Ingimundarson.
form., frsm. fundaskr.

Jónas Pétursson. Matthías Bjarnason.